



# Ársskýrsla 2018

Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Dalbúa

starfsárið 2018

Lögð fram á aðalfundi

29. nóvember 2018.

# Ársskýrsla 2018

## Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Dalbúa starfsárið 2018



Það má segja að golfárið sem er að líða hafi verið viðburðarríkt og oft á tíðum ákaflega skemmtilegt. Veturinn einkenndist af miklum frostum og snjó sem gerði það að verkum að þykkur klaki lá yfir öllum vellinum mánuðum saman. Erfitt var að ráða við hann en gerðar voru nokkrar tilraunir til þess að brjóta klakann á flötunum í þeim tilgangi að hleypa súrefni niður að grasfletinum. Því miður skilaði sú vinna ekki tilætluðum árangri og sást það vel á flötunum þegar veturinn hopaði. Lauslegt mat vallarnefndar var að um 50- 70% af heildarflatarmáli flatanna hafi verið kalin og því ljóst að mikil vinna var framundan við að koma þeim í samt lag. Einnig bar nokkuð á kalblettum á brautum og teigum.

Vorið var afar kalt og blautt og hitastigið fór vart yfir 10° langt fram eftir sumri. Þessi veðráttá hafði óneitanlega þó nokkur áhrif á umferð um völlinn og tafði einnig alla vinnu við hann. Sáningin skilaði sér seint vegna kulda og sláttur var erfiður vegna bleytu. Eftir miðjan júlí fór ástandið að batna en þá fóru loks að sjást tveggja stafa hitatölur.

Völlurinn var með besta móti þegar leið á sumarið. Metnaðarfull vinna umsjónaraðila við sláttinn skilaði sér með almennri ánægju félagsmanna og gesta. Sá fjöldi sem skráði sig í gestabókina var um 1.500 en miðað við reynslu síðustu ára má gera ráð fyrir því að einhverjir hafi ekki skráð sig.

Forstofan í klúbbhúsinu var alltaf opin og gátu gestir því notað snyrtinguna, skráð sig í gestabókina og þeir sem voru borgandi gátu greitt í greiðsluposann. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag hjá félagsmönnum.

Félagsmönnum hefur fækkað nokkuð milli ára, en í dag eru um 70 félagar í klúbbnum.



Á síðasta aðalfundi tók undirrituð við formennsku af Páli Þóri Ólafssyni sem um árabíl hefur unnið gott starf fyrir klúbbinn og eru honum færðar bestu þakkir fyrir.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt lagabreyting þess efnis að stjórnarmönnum var fækkað úr sjö í fimm, en varamenn eru eftir sem áður tveir. Böðvar Schram gekk til liðs við stjórnina eftir síðasta aðalfund og var því aldrei formlega kosinn, en hann gefur kost á sér í eitt ár til viðbótar. Ásbjörn og Eiríkur eru að ljúka sínu öðru ári í stjórn og gefa þeir kost á sér aftur. Stjórnin hefur ekki verið fullmönnuð þetta árið því fjórða meðstjórnanda hefur vantað. Hafsteinn Daníelsson hefur setið alla stjórnarfundum þetta árið sem varamaður en hann gefur kost á sér sem meðstjórnanda til eins árs. Ragnhildur Bender er varamaður og vantar því einn varamann í stjórn.

#### **Stjórn Dalbúa 2018:**

Bryndís Scheving, formaður

Böðvar Schram, varaformaður

Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri

Ásbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi

Hafsteinn Daníelsson, varamaður

Ragnhildur Bender, varamaður

#### **Helstu nefndir:**

##### *Mótanefnd:*

Ásbjörn Sveinbjörnsson, formaður

Böðvar Schram

##### *Vallarnefnd:*

Haraldur Ólafsson, formaður

Hafsteinn Daníelsson

Hörður Bergsteinsson

##### *Forgjafarnefnd:*

Eiríkur Þorláksson, formaður

##### *Umsjón með vefsíðu:*

Páll Þórir Ólafsson



Rekstrarform golfklúbbsins var með öðrum hætti í sumar en verið hefur síðustu ár. Klúbburinn auglýsti eftir rekstraraðila í ýmsum miðlum síðastliðinn vetur en þær auglýsingar skiluðu ekki árangri. Það varð því úr að undirrituð tók að sér rekstur skálans og gerður var samningur við Anthony Karl Flores til þess að sjá um sláttinn. Anthony býr í Miðdal ásamt fjölskyldu sinni.

Þetta fyrirkomulag lukkaðist alveg ágætlega, þrátt fyrir að hvorugur þeirri hefði komið að slíkum rekstri áður. Eyjólfur Óli Jónsson staðarhaldari í Miðdal hefur verið Anthony og klúbbnum mikil hjálparhella, bæði í slættinum og við viðgerðir á tækjum og tólum.

Ýmsar framkvæmdir hafa átt sér stað á liðnu ári. Fyrst ber að nefna að allar sláttuvélar klúbbsins voru sendar í viðgerð hjá vélaverkstæði í Laugarásnum og í kjölfarið voru allir hnífar á vélunum sendir í brýningu. Þetta var nokkuð mikill kostnaður fyrir klúbbinn en afar nauðsynlegur, eins og sást vel í mun betri slætti á vellinum eftir þessa yfirhalningu. Það hjálpaði mikið við þetta verkefni að klúbburinn fékk veglegan styrk úr Íþróttasjóði vegna þessa verkefnis, sem annars hefði verið klúbbnum ofviða. Þá var keyptur sanddreifari sem mun auðvelda söndun á flötum í framtíðinni.

Hár kargi milli brauta (t.d. milli 5. og 6. brautar, 6. og 7. brauta o.s.frv.) var í haust sleginn niður, rúllaður og pakkaður. Þessi svæði verða næsta sumar slegin sem venjulegur kargi, en við það verður vonandi auðveldara að spila völlinn og sennilega auðveldara að finna boltann sinn. Þess má geta að nær 300 boltar komu í leitirnar við þennan slátt!

Í sumar gátu félagsmenn og gestir vallarins tekið þátt í könnun þar sem þeir gátu gefið ástandi og gæðum vallarins stig eftir að hafa spilað á vellinum. Þessi könnun mæltist vel fyrir og var um leið

gott mælitæki fyrir sláttumennina, en fundað var reglulega með þeim eftir að lesið var úr niðurstöðunum. Völlurinn varð betri eftir því sem leið á sumarið enda mikil og góð vinna hjá sláttumönnum við að hafa völlinn sem bestan, og e.t.v. hefur könnunin eitthvað hjálpað til.

Á vordögum gengu stjórnarmenn um sumarhúsaðverfi í nágrenni golfvallarins með dreifibréf í þeirri von að fá fleiri gesti á völlinn. Ekki var hægt að greina umtalsverðan árangur af þessari tilraun.

Fyrri vinnudagur sumarsins var haldinn laugardaginn 19. maí. Veðrið lék ekki alveg við mannskapinn þennan daginn, en vaskir menn og konur létu það ekki á sig fá. Þeir félagsmenn sem mættu höfðu alveg nóg fyrir stafni því það er eitt og annað sem þarf að gera á vellinum í byrjun sumars má þar nefna; að sópa flatirnar, sá og sanda flatir, setja út sorptunnur, teigmerkingar og margt fleira. Þess má geta að um kvöldmatarleytið þetta kvöld snjóaði í dalnum.

Seinni vinnudagurinn var haldinn þann 6. október, þegar nokkrir atorkusamir félagsmenn mættu og tóku til hendinni við að ganga frá öllu fyrir veturinn. Á þessum vinnudegi var verkefnið að koma öllum lausamunum í skjól inn í skemmu, raða útihúsgögnum upp við húsvegg, skrúfa fyrir vatn bæði á vellinum og klúbbhúsinu og sitthvað fleira. Nokkrir félagsmenn hafa komið á öðrum tíma en vinnudögum og unnið gott og óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn. Í sumar var þannig borið á pallinn og handriðið í kringum húsið málað. Lítið fór fyrir sumarblómum þetta sumarið en vonandi verður hægt að bæta úr því næsta sumar sem verður stórt ár fyrir golfklúbbinn Dalbúa, en þá fagnar klúbburinn 30 ára afmæli sínu.

Hugmyndir um ýmsar breytingar á vellinum í tilefni af afmælisári klúbbsins hafa verið kynntar, m.a. hefur tvöföldun á teigum verið mikið í umræðunni. Sú hugmynd var kynnt fyrir félagsmönnum í sumar og lágu teikningar fyrir í klúbbhúsinu sem margir hafa glöggvað sig á og komið með ábendingar um. Að svo stöddu er ekki víst að þetta verði að veruleika þegar á næsta ári, til þess skortir klúbbinn einfaldlega fé. Einnig voru kynntar tillögur um að stækka flötina á 9. braut og að sameina flatirnar á 4. og 7. braut.

- Stjórnin leggur til að farið verði í þær framkvæmdir til að byrja með og að síðan verði séð til með hverju fram vindur með tvöföldun teiga á næstu árum.

Í tilefni afmælisársins verður haldið veglegt afmælistótt og er það von okkar í stjórninni að félagsmenn muni fjölmenna á það og skemmta sér saman á þessum tímamótum. Nánar verður greint frá móttinu í vor.

Að lokum vil ég þakka stjórninni og nefndarmönnum fyrir mjög gott samstarf á liðnu ári. Einnig fá þeir félagsmenn sem lagt hafa hönd á plóg mínar bestu þakkir; það er afar mikilvægt fyrir lítinn klúbb eins og Dalbúa að fá sem flesta til liðs við sig þegar mikið stendur til. Anthony og Eyjólfur fá miklar þakkir fyrir alla sína góðu vinnu og skemmtilega samveru á liðnu sumri. Styrktaraðilum okkar, Grafíu, Rafiðnaðarsambandinu og VM - félagi vélstjóra og málmtæknumanna færi ég bestu þakkir fyrir öflugan og traustan stuðning, sem hefur verið klúbbnum ómetanlegur. Einnig vil ég þakka Laugarvatn Fontana fyrir stuðninginn á þessu ári, sem að þessu sinni var ekki eingöngu veglegir vinningar í golfmótt því Laugarvatn Fontana gaf klúbbnum nýja holufána sem prýddu flatirnar á vellinum síðari hluta sumarsins.

Bryndís Scheving, formaður GD

## Skýrsla mótanefndar Golfklúbbsins Dalbúa 2018

Mótanefnd á þessu starfsári var skipuð þeim Ásbirni Sveinbjörnssyni og Böðvari Schram, en aðrir stjórnarmenn voru einnig virkir í störfum við hin ýmsu mót yfir sumarið.

Í vor voru lagðir línur að mótahaldi fyrir sumarið og var mótaskrá samþykkt af stjórn Dalbúa. Var alls boðið upp á sex mót á Dalbúa, og var þátttakan misgóð milli móta. Það var sérstaklega ánægjulegt að þátttaka náðist í meistaramót í ár, en það hafði fallið niður á síðasta ári vegna lítillar þátttöku.

Vinningar í mótum sumarsins voru veglegir og þjónusta í skálanum til fyrirmyndar. Umtalað var í hversu góðu standi völlurinn var þegar leið á sumar. Úrslit í mótum sumarsins urðu sem hér segir:

### 23. júní: Jónsmessumót

Jónsmessumótið var haldið, þrátt fyrir fremur dræma þátttöku. Rigningarúði og hressandi útiloftið lék við þá sjö keppendur sem voru mættir til leiks. Leikið var með sérstöku keppnisfyrirkomulagi til einföldunar, en úrslit urðu eftirfarandi:

1. sæti: Haraldur Ólafsson
2. sæti: Eyjólfur Óli Jónsson
3. sæti: Bryndís Scheving

### 14. júlí: Opna Laugarvatn Fontana mótið

Alls voru fimmtán þátttakendur skráðir í mótið og var meirihluti þeirra úr öðrum klúbbum, m.a. fyrrum félagar í Dalbúa. Leikin var punktakeppni og voru veitt vegleg verðlaun í boði Laugarvatn Fontana, styrktaraðila mótsins, fyrir efstu þrjú sæti í karla- og kvennaflokki. Úrslit urðu eftirfarandi:

- Í karlaflokki:
1. sæti: Hilmar Þorkelsson – 30 punktar
  2. sæti: Örn Orrason – 27 punktar
  3. sæti: Vilhjálmur Andri Vilhjálmsson – 26 punktar
- Í kvennaflokki:
1. sæti: Laufey Valgerður Oddsdóttir – 18 punktar
  2. sæti: Bryndís Scheving – 10 punktar
  3. sæti: Krístrún Þórðardóttir – 8 punktar

### 28. júlí: Meistaramót Dalbúa

Aðeins tólf kylfingar tóku þátt í meistaramóti Dalbúa að þessu sinni. aðeins var leikinn einn hringur, en samkvæmt venju var keppnisfyrirkomulagið höggleikur án forgjafar. Jafnframt voru veitt sérstök verðlaun fyrir besta skor í höggleik með fullri forgjöf. Úrslit urðu sem hér segir:

- Í karlaflokki:
1. sæti: Böðvar Schram – 102 högg
  2. sæti: Hafsteinn Daníelsson – 105 högg (52 á seinni 9 holum)
  3. sæti: Eyjólfur Óli Jónsson – 105 högg (53 á seinni 9 holum)
- Í kvennaflokki:
1. sæti: Sigrún María Ingimundardóttir – 95 högg
  2. sæti: Hafdís Ingimundardóttir – 105 högg
  3. sæti: Bryndís Scheving – 112 högg

Úrslit í karlaflokki m/forgjöf:

1. sæti: Eyjólfur Óli Jónsson – 81
2. sæti: Anthony Karl Flores – 82
3. sæti: Böðvar Schram – 85

Úrslit í kvennaflokki m/forgjöf:

1. sæti: Sigrún María Ingimundardóttir – 83
2. sæti: Bryndís Scheving – 85
3. sæti: Hafdís Ingimundardóttir – 88

### **11. ágúst: Lavera Kvennamót Dalbúa**

18 konur voru skráðar til móts á þessu flotta mót. Þar sem fyrst og fremst var um skemmtimót að ræða var aðeins leikin var 9 holu punktakeppni, og urðu úrslit sem hér segir:

1. sæti: Þórunn Jóna Hauksdóttir – 16 punktar
2. sæti: Rannveig Hjaltadóttir – 13 punktar
3. sæti: Bjarndís Lárusdóttir – 12 punktar

### **25. ágúst: Styrktarmót Símans og GD**

Alls voru skráð til leiks 10 teymi á þessu skemmtilega móti þar sem fyrirkomulagið var Texas Scramble með forgjöf. Í verðlaun voru ýmsir glæsilegir vinningar frá Símanum, styrktaraðila mótsins, og urðu úrslit sem hér segir:

1. sæti: DJ Villz; Vilmundur Þór Jónasson/Viktor Jóhannesson – 63
2. sæti: Mulligan á fyrstu; Bragi Þór Hafþórsson/Sigurður Orri Hafþórsson – 65
3. sæti: Góður & Betri; Pétur Már Sigurðsson/Örn Ólafsson – 67

### **15. september: Lokamót Golfklúbbsins Dalbúa**

Þetta var í fyrsta sinn sem haldið var sérstakt lokamót í sumarlok, og mættu alls tuttugu kylfingar og tóku þátt í þessu síðasta móti ársins. Fyrirkomulagið var 9 holu punktakeppni, enda mikill áhugi á að setjast yfir kaffibolla og spjalla í skálanum í lok sumars.

Úrslit í karlaflokki:

1. sæti: Ómar Þórðarson – 17 punktar
2. sæti: Böðvar Schram – 16 punktar
3. sæti: Viktor S Guðbjörnsson – 14 punktar

Úrslit í kvennaflokki:

1. sæti: Friðgerður Friðgeirsdóttir
2. sæti: Elín Bachmann Haraldsdóttir
3. sæti: Bryndís Scheving

Er það von mótanefndar að félagsmenn verði duglegir að taka þátt í mótum sumarsins á næsta ári, þegar haldið verður upp á 30 ára afmæli klúbbsins, en fyrirhugað er að efna m.a. til sérstaks afmælistóts af því tilefni.

Mótanefnd.

2018

# Vallarnefnd Dalbúa



Haraldur Ólafsson

Hörður Bergsteinsson

Hafsteinn Danielsson

11/11/2018



## Völlurinn

Eftir veturinn var ljóst að talsverðar kalskemmdir voru á vellinum. Segja má að allar flatir hafi verið skemmdar. Samkvæmt lauslegu mati var áætlað að um 50-70% af heildarflatarmáli flatanna hafi verið kalið. Einnig var nokkuð um kalskemmdur á teigum og á brautum.

18. maí var var sáð í allar flatir ásamt því að áburði var dreift. 16. og 17. júní voru allar flatir sandaðar og burstaðar. Um 20. júní var aftur sáð í verstu kalblettina á flötum. Það verður að segjast að árangur af sáningarvinnu í maí og júní skilaði sér seint og illa enda var hitastig afar lágt í maí, júní og fram í júlí. Einnig var tíðarfar vætusamt á þessum tíma.

6.ágúst var ákveðið að vinna sérstaklega í 6.flöt en hún var á þeim tíma í afar slæmu ástandi. Yfirborðið var nánast ekkert nema dauður mosi. Sáð var í flötina 3 umferðir, sandur og áburður borinn á. Flötin var síðan tekin úr notkun í 3 vikur. Árangur af þessari vinnu var afar góður.


## Sláttur

Nýr aðili sá um slátt þetta sumarið. Heilt yfir gekk slátturinn vel þrátt fyrir mikla vætutíð. Sláttumennirnir þeir Antony og Eyjólfur náðu fljótlega góðum tókum á slættinum og umhirðu vélanna. Þetta sumarið var frumraun þeirra Antony og Eyjólfs í golfvallaslætti. Til að aðstoða þá við að ná sem bestum tókum á verkinu voru notendur vallarins spurðir reglulega um það hvernig þeim þætti völluminn sleginn og hirtur almennt. Sláttumennirnir leituðust síðan við að útfæra sláttinn með tilliti til ábendinga notenda vallarins.

Helstu breytingar sem gerðar voru á slættinum að teknu tilliti til niðurstöðu könnunar sem gerð var á meðal notenda voru að gras var almennt slegið sneggra en áður og brautir voru breikkaðar. Samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar mátti greina að notendur voru heilt yfir ánægðir með breytta útfærslu á slættinum.

## Könnun

Á tímabilinu 12.júní – 1. september gátu notendur vallarins tekið þátt í könnun þar sem þeim gafst kostur á að lýsa sinni upplifun á ástandi og gæðum vallarins. Þrisvar á tímabilinu, 17.júní, 6.júlí og 1.september, voru niðurstöður teknar saman. Í kjölfarið var fundað með sláttarmönnum sem í framhaldi gerðu breytingar sem miðuðu að því að koma eins og kostur er til móts við óskir notenda vallarins og stuðla að því að upplifun þeirra væri sem best. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar mátti greina að ánægja notenda golfvallarins með völluminn batnaði umtalsvert eftir því sem leið á sumarið.



## Til framtíðar

Á liðnu sumri var nokkuð rætt um það hvernig þróa mætti völinn og gera hann enn betri. Hér að neðan er listi yfir það helsta sem hefur verið í umræðunni í sumar.

- Tvöföldun teiga sem kynnt var sl. sumar.
- Færa 1.braut neðar í brekkuna og rauðan teig fyrir framan gula teiginn.
- Ný gönguleið frá gulum teig og upp á rauðan sem miðar að því að létta gönguna upp brekkuna.
- Þvottaaðstaða fyrir kerrur og kylfur.
- Stækka 9. flöt
- Sameina 4. og 7. Flatir
- Mæling brauta.
- Gróðursetning skjólbelta.

Vallanefndin telur allar þessar hugmyndir góðar og vonar að eitthvað af þeim verði að veruleika í náinni framtíð.

## Vélakostur

Núverandi vélakostur Dalbúa samanstendur í aðalatriðum af flatarsláttuvél og brautarsláttuvél. Einnig hefur klúbburinn haft til afnota gamla sláttuvél í eigu Grafíu en sú sláttuvél hefur verið notuð til að slá karga. Klúbburinn á einnig sáningarvél og hlut í götunarvél. Sanddreifari var keyptur sl. haust og mun það auðvelda að sanda flatirnar umtalsvert.

Dalbúi er þokkalega staddur hvað varðar vélar til að slá brautir og flatir. Þó að vélarnar séu gamlar eru þær í góðu lagi eins og staðan er í dag.

Vallanefndin mælir með að stjórn Dalbúa hugi að endurnýjun vélarkosts til að slá karga. Núverandi vélakostur er ekki sá hentugasti til verksins ásamt því að þurfa mikið viðhald sbr. reynslan frá sl. sumri.

Einnig er rétt að benda stjórn Dalbúa á mikilvægi þess að til staðar sé langtímaáætlun um rekstur og endurnýjun vélarkosts.

## Lokaorð

Heilt yfir má segja að sumarið 2018 á Dalbúa hafi gengið vel að teknu tilliti til allra aðstæðna. Þeir Antony og Eyjólfur sem sáu um slátt og aðra umhirðu vallarins stóðuð sig mjög vel og fá þeir bestu umsögn vallanefndarinnar fyrir vel unnin störf sumarið 2018. Vallanefndin hvetur stjórn Dalbúa til að vinna að áframhaldandi samstarfi við þá Antony og Eyjólf.

Eins og að framan er getið hafa nokkrar áhugverðar hugmyndir að breytingum að vellinum verið til umræðu í sumar. Vallanefndin vill í því sambandi leggja áherslu á, að þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum, sé það ávallt sett í fyrsta forgangi að hafa brautir, teiga og flatir sem eru til staðar í sem bestu standi.

# Rekstrarreikningur 2018

		2018	2017
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Félagsgjöld.....	Kr.	2.150.000	2.180.750
Vallargjöld / Sumarkort.....	-	1.881.900	1.845.000
Mótagjöld.....	-	96.500	175.850
Firmakeppni - styrktarmót.....	-	88.000	0
Styrkir, auglýsingar.....	-	1.346.000	650.000
Lottó / Getraunir.....	-	8.620	6.365
Vaxtatekjur-fjármagnstekjuskattur.....	-	9.315	19.279
Rekstrartekjur samtals	Kr.	5.580.335	4.877.244
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Greiðslur til rekstraraðila-kostnaður.....	Kr.	1.500.000	1.750.440
Greiðslur vegna reksturs skála-kostnaður.....	-	5.250	150.000
Leiga v/ golfskála.....	-	0	0
Leiga v/ golfvallar.....	-	109.038	737.208
Viðhald tækja og skála.....	-	1.663.526	688.912
Framkvæmdir við golfvöll.....	-	20.925	0
Rafmagn og hiti.....	-	67.040	162.441
Fasteignagjöld.....	-	243.391	230.810
Rekstrarvörur.....	-	592.017	291.057
Tryggingar.....	-	104.588	88.784
Skattur GSÍ / HSK.....	-	232.779	235.000
Verðlaun og mótakostn.....	-	12.054	50.050
Ýmiss kostnaður.....	-	180.781	127.293
Afskriftir viðskiptakrafna.....	-	54.784	7.000
Vaxtagjöld og bankakostnaður.....	-	36.951	20.928
Rekstrargjöld samtals	Kr.	4.823.124	4.539.923
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....	Kr.	757.211	337.321
<b>Óreglulegar tekjur/gjöld:</b>			
Afskriftir véla, tækja og verkfæra		(926.268)	
Söluhagnaður vegna skála.....	Kr.	0	3.251.510
Óreglulegar tekjur samtals	Kr.	(926.268)	3.251.510
Hagnaður (tap) ársins.....	Kr.	(169.057)	3.588.831

Ég undirritaður hef yfirfarið ársreikning Golfklúbbsins Dalbúa fyrir tímabilið 1.11.2017 - 31.10.2018 og hef ekkert fundið athugasemdir og legg til að hann verði samþykktur.

*Jón P. Hilmarsson*

Jón P. Hilmarsson  
endurskoðandi

## Efnahagsreikningur 31. okt. 2018

Eignir		2018	2017
Varanlegir rekstrarfjármunir :			
Áhöld og búnaður.....	Kr.	999.922	984.647
Vélar, tæki og verkfæri.....	-	3.780.072	4.631.340
Bílastæði.....	-	200.000	200.000
Golfvöllur.....	-	9.929.928	9.929.928
Golfskáli.....	-	420.000	420.000
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	Kr.	15.329.922	16.165.915
Veltufjármunir :			
Bankareikningar.....	Kr.	679.058	86.044
Skammtímakröfur :			
Viðskiptakröfur.....	-	28.706	54.784
Veltufjármunir samtals	Kr.	707.764	140.828
Eignir alls	Kr.	16.037.686	16.306.743
 <b>Skuldir og eigið fé</b>			
Eigið fé :			
Óráðstafað eigið fé.....	Kr.	15.769.535	12.180.704
Hagnaður / tap ársins .....		-169.057	3.588.831
Eigið fé samtals	Kr.	15.600.478	15.769.535
Skammtímaskuldir :			
Viðskiptaskuldir.....	Kr.	437.208	537.208
Skammtímaskuldir samtals	Kr.	437.208	537.208
Skuldir og eigið fé alls	Kr.	16.037.686	16.306.743

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

- Við gerð ársreiknings 2017-2018 er í öllum meginatriðum fylgt hefðbundnum reikningsskilaaðferðum og er fylgt ákvæðum skattalaga við gerð ársreiknings og er fyrningareglum breytt til samræmis við breytingu á skattalögum. Allar tölur eru færðar í heilum krónum.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru ekki reiknuð vegna breytinga á lagafyrirmælum um reikningsskil og varanlegir rekstrarfjármunir eru af sömu ástæðu ekki endurmetnir.

## Eignir

- Áhöld og búnaður eru metnar á kostnaðarverði. Hér er einkum um að ræða áhöld og búnað í golfskála, þ.e. innréttingar, tæki, húsgögn og annan búnað. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið.
- Vélar, tæki og verkfæri voru metin á kostnaðarverði í upphafi árs, en reiknaðar afskriftir (20%) af því verðmati í lok árs, og bókfært verð í árslok lækkað (kr. 926.268,) sem því nemur.
- Golfskáli: Á síðasta reikningsári var gerð leiðrétting á upphafsstöðu eignarhluta GD í skála, til að koma til móts við kaup Grafíu, RSÍ og VM á 30% hlut hvert í skálanum. Miðað við kaupverð Grafíu, RSÍ og VM og að eignarhlutur GD í skálanum verði í árslok 10% eða kr. 420.000,-, var upphafsstaða eignar í skálanum hækkuð um kr. 3.251.510,- og var sú hækkun færð sem óreglulegar tekjur í rekstrarreikning síðasta reikningsárs.  
Upphafsstaða núverandi reikningsárs er kr. 420.000,-. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið.
- Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði, en viðskiptakröfur síðasta reikningsárs afskrifaðar.

## Skuldir

- Óráðstafað eigið fé:

	2018	2017
Yfirfært frá fyrra ári	15.769.535	12.180.704
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi	757.211	337.321
Óreglulegar tekjur / Afskriftir	<u>- 926.268</u>	<u>3.251.510</u>
Óráðstafað eigin fé í lok reikningsárs	15.600.478	15.769.535
- Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði. Eftirstöðvar skuldar við Grafíu vegna reiknaðrar leigu lands 2005-2016 á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Grafíu við GD frá 9. júlí 1994, var í upphafi reikningsársins samtals kr. 537.208,-. Krafan var öll gjaldfærð á síðasta reikningsári sem leigukostnaður vegna golfvallar. Greiddar voru kr. 100.000,- sem afborgun af skuldinni.  
Eftirstöðvar viðskiptaskuldar eru kr. 437.208,- í lok reikningsárs, sem er færð sem viðskiptaskuld í efnahagsreikning.

## Rekstrartekjur

- Félagsgjöld: Alls greiddu 65 félagar árgjald til GD 2018, en með heiðursfélögum eru félagsmenn 72 talsins árið 2018, sem er fækkun um 8 félagsmenn milli ára.
- Sumarkort: Skv. samningi sem gerður var 26. mars 2018 greiddu GRAFÍA, RSÍ og VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna hver fyrir sig kr. 600.000,- til GD og fengu fyrir þá greiðslu m.a. 20 golfkort sem giltu fyrir 2 á velli Dalbúa sumarið 2018. Greiðslur félaganna voru færðar sem hluti tekna af vallargjöldum / sumarkortum í rekstrarreikning.

10. Styrkir og auglýsingar innan reikningsársins eru eftirfarandi:	
Styrkur úr Íþróttasjóði ríkisins (vegna viðhalds og viðgerða á tækjum)	kr. 500.000,-
Auglýsingatekjur	kr. 300.000,-
Tekjur af sölu Fontana-korta	kr. 496.000,-
Aðrir styrkir	<u>kr. 50.000,-</u>
Samtals	kr. 1.346.000,-

## Rekstrargjöld

11. Leiga vegna golfvallar 2017 á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Grafíu við GD frá 9. júlí 1994, samtals að upphæð kr. 109.038,- er gjaldfærð á árinu.	
12. Viðhald tækja og skála er einkum kostnaður vegna viðgerða tækja, þ.e. verkstæðiskostnaður og varahlutir, sem GD þarf nú að greiða. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:	
Sláttuvélar yfirfarnar, varahlutir og vinna	kr. 1.034.716,-
Flutningar á vélum	kr. 87.621,-
Endurnýjun sláttublaða	kr. 106.328,-
Brýnsla	kr. 193.164,-
Varahlutir í vélar	kr. 113.483,-
Varahlutir til viðgerðar á götunarvél	kr. 120.000,-
13. Rekstrarvörur hækka verulega milli ára, einkum vegna kostnaðar á rekstrarvörum fyrir vélar og tæki. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:	
Olíukostnaður	kr. 252.727,-
Áburðarkaup	kr. 51.000,-
Kaup á fræi	kr. 216.194,-
14. Svonefnt GSÍ-gjald vegna greiddra félagsgjalda (kr. 5.000,- af hverju greiddu félagsgjaldi) voru á þessu reikningsári samtals kr. 215.000,- sem jafngildir því að 43 félagsmenn höfðu golfklúbbinn Dalbúa sem aðalklúbb í skráningu árið 2018.	
16. Ýmis kostnaður: Önnur félagsgjöld, Stef-gjald, heilbrigðiseftirlitsgjald og ýmis annar kostnaður. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:	
Stef-gjald	kr. 13.337,-
Heilbrigðiseftirlitsgjald	kr. 35.700,-
Auglýsingakostnaður	kr. 69.516,-
Leiga á pósthólfi	kr. 11.240,-
Hýsing vefsíðu	kr. 16.782,-
Prentun kynningarefnis	kr. 19.716,-